

20. fundur Skólaþjónustu- og velferðarnefndar var haldinn í fundarherbergi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings að Breiðumörk 20 í Hveragerði miðvikudaginn kl 16.00. Mættir voru: Bryndís Böðvarsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Ásmundur Lárusson, Sigurbára Rúnarsdóttir, Björn Pálmarsson og María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Eyrún Hafþórsdóttir og Hörður Óli Guðmundsson boðuðu forföll

1. Húsnæðisáætlun sveitarfélaga. Forstöðumaður kynnti meginmarkmið með gerð húsnæðisáætlana sveitarfélaga, stuðning sem íbúðalánasjóður veitir við slíkar áætlanir og hvert er hlutverk velferðarþjónustu við gerð slíkra áætlana.
Bókun: Nefndin felur forstöðumanni að vinna að greiningu á þörfum ólíkra samfélagshópa, eins og tekjulágra einstaklinga, fatlaðs fólks og aldraðra og gera tillögu að uppbyggingu félagslegs leiguhúsnæðis fyrir sveitarfélögin í Árnesþingi.
2. Tilvísanir til skólasálfræðinga. Forstöðumaður kynnti stöðu tilvísana hjá skólasálfræðingum. Bið eftir greiningu hjá sálfræðingi er allt að eitt ár. Þrátt fyrir að veitt sé öflug og heilstæð kennsluráðgjöf til kennara og skóla í Árnesþingi þá hefur hún ekki skilað sér í færri tilvísunum eins og stefnt var að. Jafnframt gera stofnanir sem skólasálfræðingar vísa börnum til áframhaldandi athugana, s.s. Greiningarstöðin og Þroska- og hegðunarstöð kröfur um ítarlegri athuganir frá sálfræðingunum.
Bókun: Nefndin leggur til að til að mæta þörfum barna á biðlista að fenginn verði sálfræðingur í verktöku til að taka að sér greiningu allt að 20 barna. Jafnframt telur nefndin mikilvægt að skólaþjónustan og skólarnir í Árnesþingi finni nýja leiðir til þess að mæta sem best ólíkum þörfum nemenda.
3. Lagt fram þróun fjárhagsaðstoðar 2012-2016 til kynningar.
4. Sveitarfélagið Ölfus vísar styrkbeiðni frá Aflinu og Bláa strengnum á Akureyri til umsagnar nefndarinnar.
Bókun: Nefndin mælir ekki með styrk til þessara verkefna. Sveitarfélögin í Árnesþingi hafa veitt styrki til Stígamóta og Kvennaathvarfsins sem eru með samskonar starf og meiri líkur á að íbúar sveitarfélaganna nýti sér þjónustu þeirra.
5. Sveitarfélagið Ölfus vísaði ályktun aðalfundar Félags eldri borgara í Ölfusi til umsagnar nefndarinnar.
Bókun: Félagið ályktaði um að koma á akstursþjónustu fyrir eldri borgara. Nefndin telur mikilvægt að kortleggja þörf eldri borgara fyrir akstursþjónustu og mælir með að forstöðumanni Skóla- og velferðarþjónustu sé falið að gera tillögur að reglum og útfærslu á akstursþjónustu fyrir eldri borgara í Ölfusi. Jafnframt ályktaði félag eldri borgara um að sveitarfélagið ætti að stuðla að því að auka heimahjúkrun í sveitarfélaginu. Nefndin beinir því til sveitarfélagsins Ölfuss að vera í sambandi við Heilbrigðisstofnun Suðurlands um fyrirkomulag heimahjúkrunar.

BB


SR

WJ


BV


6. Kynningarfundur byggðasamlags Skóla- og velferðarþjónustu verður haldinn fyrir sveitarstjórnarmenn þriðjudaginn 25. apríl n.k. kl 10-12 að Vatnsholti í Flóahreppi.
7. Félagsþjónustumál – Trúnaðarmál
(eitt mál fært í trúnaðarbók).

Fundi slitið kl. 17:30


Bryndís Böðvardsdóttir, formaður


Ásmundur Lárusson


Unnur Þormóðsdóttir



María Kristjánsdóttir


Bjarney Vignisdóttir


Sigurbára Rúnarsdóttir


Björn Pálmarsson

Þróun fjárhagaaðstoðar 2012-2016 hjá sveitarfélögum í Árnesþingi.



Eins og sjá má á tölum hér fyrir ofan þá er þróunin sú að þeim fækkar sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda um leið og atvinnuleysi minnkar. Á árinu 2015 þá verður fjölgun fjárhagsaðstoðarþega í Ölfusi og Hveragerði og er helsta skýringin sú að þeir sem áttu rétt á atvinnuleysisbótum hafa lokið rétti sínum hjá Vinnumálastofnun.